



## Upplýsingar til Vinnueftirlitsins vegna kvörtunar um einelti á vinnustað

Ef kvörtun um einelti á vinnustað berst Vinnueftirlitinu (VER) ræðir eftirlitsmaður við þann sem kvartar og bendir á upplýsingar á heimasíðu VER um hlutverk og aðkomu stofnunarinnar í slíkum málum. Hann upplýsir einnig um að neðangreindar upplýsingar þurfi að koma fram skriflega og bendir viðkomandi á **staðlað form** sem hægt sé að sækja á heimasíðu VER í þessu skyni.

### Upplýsingar til VER:

1. Nafn meints þolanda.
2. Heiti vinnustaðar-deildar og nafn atvinnurekanda.
3. Nafn/nöfn yfirmanna.
4. Nafn/nöfn öryggistrúnaðarmanna, öryggisvarða og félagslegs trúnaðarmanns, ef viðkomandi hefur þær upplýsingar tiltækar. Ef við á, einnig nöfn annarra sem sérstaklega hefur verið falið að vinna að verkefnum á sviði vinnuverndar á vinnustaðnum.
5. Nafn og staða meints geranda eða lýsing á hópi starfsmanna ef um fleiri er að ræða sem meinta gerendur.
6. Upplýsingar um mögulegar breytingar á starfi þess sem kvartar, þ.e. hvort uppsögn hafi átt sér stað og hvort stéttarfélag viðkomandi hafi komið að málinu.
7. Lýsing á aðstæðum, þ.e. í hverju eineltið birtist, og hversu lengi það hefur viðgengist.
8. Hafa verið reyndar leiðir til úrlausnar og þá hvaða leiðir? Hverjir hafa komið að lausn málsins?
9. Ef tillögur eru að lausn málsins er æskilegt að þær komi fram.

Ef kvörtun um einelti hefur borist skriflega til VER án þess að bréfið innihaldi nægar upplýsingar sbr. ofangreint kallar eftirlitsmaðurinn sérstaklega eftir þeim.

Ef meintur þolandi treystir sér ekki til að senda umbeðnar upplýsingar til Vinnueftirlitsins getur eftirlitsmaður skráð upplýsingarnar samkvæmt þeim munnlegu upplýsingum sem hann hefur fengið frá þeim sem kvartar.

► Komi í ljós að ekki hefur verið reynt að leysa viðkomandi mál innan vinnustaðarins er bent á að **samkvæmt vinnuverndarlögunum skuli fyrst taka málið upp við atvinnurekanda, öryggisnefnd, öryggistrúnaðarmann eða öryggisvörð** eða aðra tilnefnda fulltrúa. Enda er markmiðið alltaf að vinnuverndarmál séu leyst innan vinnustaðanna sjálfra í samvinnu aðila.